
Landsnet – Veðurviðvörðun vegna spar um ofsaveður um vestan og norðvestanvert landið á morgun frá því kl. 10. 26.12. 2016 kl. 22:30

Almennt

Spár hafa aftur versnað og á morgun eftir kl. 10 er allt útlit fyrir ofsaveður um tíma af suðri eða suð-suð-austri, hvað verst vestan- og norðvestanlands. Á milli kl. 10 og 13 verður allt að 23-28 m/s suðvestanlands, frá Sogi og vestur á Snæfellsnes. Vindálag og hætt við samslætti, mest þar sem verður byljótt. T.d. á Brennimelslínu í Hvalfirði, Vatnshamralínu í Skarðsheiði og Hrútatungulínu norður fyrir Flókadal. Eins á línunum á norðanverðu Snæfellsnesi þar sem hviður verða staðbundið allt að 50 m/s. Nefna má til viðbótar Geiradalslínu í Gilsfirði (byljótt þar) og þá stendur þvert á Mjólkárlínu í þessari vindátt. Upp úr kl. Kl. 12 og til 16 verður foráttuhvasst af suðri vestantil á Norðurlandi og hætt við samslætti þar á línunum frá Hrútatungu og að Rangárvöllum á Akureyri. Sérstaklega byljótt í Norðurárdal og yfir í Öxnadal (RA1) og hviður þar einnig allt að 50 m/s. Hiti verður ofan frostmarks. Ekki ísing og heldur ekki selta. Þá eru líkur á eldingum metnar litlar.

Nánar um veðrið

Lægðabylgjan á kuldaskilum djúpu lægðarinnar sem búið var hálfpartinn að afskrifa í morgun, er klárlega til staðar. Hún sést á tunglmyndum og er kominn í reikning nýjustu spánna. Þegar hún rennir sér hér til norðurs rétt í þann mund sem skilin koma úr vestri bætir umtalsvert við vindinn þar sem hreyfing kerfisins er nánast samsíða vindáttinni. (Eins og raunin var í Færeyjum með Jóladagslægðina). Byrjar að hvessa að ráði upp úr kl. 10 suðvestanlands og verður þar í hámarki á milli kl. 12 og 13. Það er greinilega ívið hvassara, allt að 40-45 m/s í fjallahæð hér skammt vestur af landinu og verstí strengurinn nær til Snæfellsnes og sennilega einnig til Arnarfjarðar og Patreksfjarðar. Á Norðurlandi verður veður í hámarki á milli kl. 14 og 16, en gengur síðan mikið niður í kjölfar skilinna í fjórar til sex klst. Nær sér síðan upp með SV-átt og kólnandi annað kvöld. Þá vaxandi él með seltu og niðurslætti eldinga þegar frá líður.

Veðurviðvörðun

Spáð er sunnan og suðsuðaustan ofsaveðri, 23-28 m/s á morgun, 27. desember. Með því er hætt samslætti á línunum og truflunum frá

Því um kl. 10 til 13 suðvestanlands, frá Sogi og vestur á Vestfirði.
Eins norðanlands, norður í Eyjafjörð frá hádegi og fram undir kl. 16.

Einar Sveinbjörnsson
857-1799